



FRÉTTABRÉF HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

24. SEPTEMBER 2008

FRÁ FORMANNI

EFNI BRÉFSINS:

FRÁ FORMANNI 1**FOLALDA-
SÝNING Í ÖLFUS-
HÖLLINI 1****HAUSTFUNDUR 1****LANDBÚNAÐAR-
SÝNINGIN Á
HELLU 2****HROSSA-
RÆKTARFERD
TIL GLOBEN 2****NÁMSKEIÐA-
HALD Á VEGUM
HS OG LBHÍ 2**

Ágæta félagsfólk.

Þá er sumarið að baki og haust- og vetrarstörf að fara í gang. Hrossaræktendur búnir að halda sínum hryssum og vonandi sem flestar fengnar eftir langa og góða sumartíð.

Árlegur haustfundur er framundan þann 16. október og væntum við stjórnarfólk góðrar fundarsóknar. Guðlaugur Antonson hrossaræktarráðunautur BÍ verður frummælandi fundarins og mun hann væntanlega fara yfir sýningahald sl. sumar sem segja má að hafi verið metsumar í fjölda sýndra kynbótahrossa. Þá mun hann einnig eiga skoðanaskipti við okkur hrossaræktendur um hvernig til tókst þetta árið. Gott er fyrir okkur ræktendur að mæta og koma á framfæri við Guðlaug því sem okkur finnst að megi betur fara.

Stóðhestahald er með ýmsu sniði þ.e.a.s. hestar eru í einkaeign, í eigu hrossaræktarsamtaka og svo eru þeir einnig í eigu hlutafélaga. Einkaeignarformið er algengast og frekar einfalt. Hefð er fyrir eign hrossaræktarsamtaka á stóðhestum en hlutafélagaformið sem færst hefur í aukana getur vafist fyrir mörgum. Bæði þeim sem selja stóðhesta til hlutafélaga, þeim sem kaupa einstaka hluti í stóðhestum og einnig þeim sem ætla síðan að halda utan um þau hlutafélög sem stofnuð eru. Til að upplýsa okkur um hlutafélagaformið ætlum við að fá Hreggvið Þorsteinsson endurskoðanda sem reynslu hefur á þessu sviði, til að upplýsa okkur um kosti og annmarka hlutafélagsformsins, bæði gagnvart kaupum á einstökum hlutum og svo rekstur hlutafélaga.

Í framhaldi af samstarfssamningi HS við Lbhí sem gerður var sl. haust voru haldin tvö bygginga-

dómanámskeið í febrúar, voru þau mjög vel sótt og tókust vel. Að þessu sinni er stefnt að því að vera með tvö hæfileikadómanámskeið í Ölfushöllinni dagana 14. og 15. febrúar og eitt bygginga-dómanámskeið þann 21. febrúar ef næg þátttaka fæst. Þessi námskeið eru í samvinnu við Lbhí og kennarar eru starfandi kynbótadómarar. Þessi námskeið verða niðurgreidd fyrir félagsmenn með svipuðum hætti og fyrri námskeið.

Búnaðarsamband Suðurlands ákvað í tilefni 100 ára afmælis síns að kanna vilja hjá einstökum búgreinum innan sambandsins að fara í fræðslu og skemmtiferðir erlendis. Við hjá HS höfum ákveðið að fara á hestasýningu í Globen í Stokkhólmi. Frekari upplýsingar má finna um ferðina í auglýsingu annarstaðar hér í fréttablaðinu. Þessi ferð verður á léttum nótum með Sigurð Sæmundsson sem fararstjóra um fornar slóðir. Vonandi er nægur áhugi fyrir ferðinni en hún er auglýst með fyrirvara um þátttöku.

Vetrarstarfið hefst fyrsta vetrardag með árlegri folaldasýningu sem verður þann 25. október í Ölfushöllinni og vonumst við eftir góðri þátttöku enda skemmtilegur viðburður sem nauðsynlegt er að viðhalda. Sjá nánar um skráningu í auglýsingu. Ungfolasýning verður haldin í mars og svo að lokum okkar árlega stórsýning Ræktun 2009 í apríl.

Með ræktunarkveðju,
Sveinn Steinarsson

FOLALDASÝNING Í ÖLFUSHÖLLINI

Árleg folaldasýning Hrossaræktarsamtakanna fer fram í Ölfushöllinni laugardaginn 25. október nk. kl. 20:00. Upplýsingar og skráning er í síma 866-1230 og/eða odinn@bssl.is

Skráningarfrestur er til 21. október nk.

Miðaverð 1.500 kr en frítt fyrir yngri en 16 ára.

Heiðurs hryssa Suðurlands heiðruð.

Mörg af falletustu folöldum landsins koma þar fram.

Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

**Fundargerðir
HS eru birtar á
www.bssl.is**

HAUSTFUNDUR

Haustfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður haldinn í Þingborg fimmtudaginn 16. október nk. kl. 20:00. Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur BÍ verður með framsögu á fundinum. Einnig mun Hreggviður Þorsteinsson mæta á fundinn og fjalla um mismunandi eignarhald á stóðhestum.

Stjórnin hvetur félagsmenn til að fjölmenna á fundinn og taka þátt í umræðum. Kaffi og meðlæti í boði samtakanna.

LANDBÚNAÐARSÝNINGIN Á HELLU

Hrossaræktarsamtök Suðurlands voru með kynningarbás á Landbúnaðarsýningunni og skiptust stjórnarmenn á að standa vaktina í básnum. Bjarni Þorkelsson lánaði Goða frá Þóróddsstöðum til að sýningargestir fengu



Sveinn Steinarsson og Bjarni Sigurðsson í bás HS á Landbúnaðarsýningunni. Mynd: Hulda Geirsdóttir.

tækifæri til að sjá hátt dæmdan stóðhest. Jón Vilmundarson kynbótadómari með meiru tók að sér að kynna byggingadóma á kynbótahrossum og fékk Goða lánaðan í þá kynningu.

Í samvinnu við Hestamannafélagið Geysi var haldið tölt- og skeiðmót með úrvals gæðingum. Hulda Gústafsdóttir var með gangtegundasýningu sem vakti mikla lukku enda frábærlega útfærð.

Landbúnaðarsýningin var haldin í tilefni af 100 ára afmæli Búnaðarsambands Suðurlands og ber að þakka því þetta frábæra framtak. Sýningin tókst vel og sýningargestir skemmtu sér hið besta þrátt fyrir að veðrið væri ekki eins og best verður á kosið.



Hulda Gústafsdóttir sýndi gangtegundir íslenska hestsins á Landbúnaðarsýningunni. Mynd: Jónas Erlendsson.



HROSSARÆKTARFERÐ TIL GLOBEN Í STOKKHÓLMI

Hrossaræktarsamtök Suðurlands og Búnaðarsamband Suðurlands standa fyrir hrossaræktarferð til Svíþjóðar dagana 28. nóvember til 1. desember 2008 í tilefni af 100 ára afmæli Búnaðarsambandsins. Á dagskrá er að fara á alþjóðlega hestasýningu í Globen í Stokkhólmi og heimsækja hrossaræktarbú rétt fyrir utan Stokkhólm. Fararstjóri verður enginn annar en Sigurður Sæmundsson.

Ferðatilhögun er eftirfarandi:

Flogið frá Keflavík föstudaginn 28. nóvember kl. 7:45, landing á Arlanda kl. 11:40 að staðartíma. Gist verður í þrjár nætur á Hotel Park Inn Solna (****) í Stokkhólmi. Strax á föstudeginum verður stefnan sett á að sjá Íslandshestasýningu í Globen en hún stendur frá kl. 15:00 til 17:30. Á laugardeginum verða hrossaræktarbú heimsótt og á laugardagskvöld verður farið á GALA-sýningu í Globen sem stendur frá kl. 19:00 til 23:00. Sunnudagurinn verður frjálfs og þá er hægt að skoða Stokkhólm eða sýninguna í Globen. Flogið verður til baka frá Arlanda til Keflavíkur mánudaginn 1. des. kl. 13:20 og lent í Keflavík kl. 15:30.

Nánari upplýsingar um sýninguna í Globen er að finna á heimasíðunni www.stockholmhorshow.com

Verð:

Miðað er við 30 þátttakendur kr. 60.000.

Innifalið í verði er flug, gisting í þrjár nætur, morgunmatur og leiðsögn. Ekki er inn í þessu verði rútuferð á hrossaræktarbú.

Aðgangseyrir á sýningarnar í Globen er ekki innifalinn en er eftirfarandi; Íslandshestasýning 200 SEK, GALA-sýning 315 SEK.

Verð miðast við gengi 15. sept. 2008. Sætafjöldi er takmarkaður við 30 manns þannig það er eins gott að tryggja sér pláss sem fyrst.

Skráning í ferðina er hjá Búnaðarsambandi Suðurlands í síma 480-1800. Vinsamlegast skráið ykkur sem fyrst í síðasta lagi 8. október.

Nánari upplýsingar gefa Halla Eygló Sveindóttir, halla@bssl.is eða Sveinn Steinarsson, litland@simnet.is.

NÁMSKEIÐAHALD Á VEGUM HS OG LBHÍ

Stefnt er að því að halda tvö námskeið í hæfileikadómum dagana 14. og 15. febrúar og eitt í byggingadómum 21. febrúar. Námskeiðin verða öll í Ölfushöllinni og eru haldin í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Kennarar á námskeiðunum verða starfandi kynbótadómarar. Enn er ekki komið endanlegt verð á námskeiðin en þau verða niðurgreidd fyrir félagsmenn með með svipuðum hætti og byggingadómanámskeiðin í fyrra. Námskeiðin verða auglýst nánar á hestamiðlunum og heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands, www.bssl.is þegar nær dregur.

Tekið er við skráningum í síma 843-5302 /433-5000. Einnig er hægt að senda á netfangið endurmenntun@lbhi.is. Haft verður samband við þá sem skrá sig þegar nær dregur.

Fréttabréf Hrossaræktarsamtaka Suðurlands Útgefandi: Hrossaræktarsamtök Suðurlands— Ábyrgðarmaður: Halla Eygló Sveindóttir